

AUGLÝSING

um umferð og bifreiðastöður í Njarðvíkurhreppi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Njarðvíkurhrepps í Gullbringusýslu og samskvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og bifreiðastöður í Ytri-Njarðvík:

1. Umferð um **Hjallaveg** nýtur forgangsréttar fyrir umferð um Hólagötu og Holts-
götu.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar sunnan megin **Hafnarbrautar** á kaflanum milli Reykjanesvegjar og Brekkustígs.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 15. september 1973.
Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 5. september 1973.

Einar Ingimundarson.

24. september 1973.

Nr. 303.

AUGLÝSING

um gjald til Almanakssjóðs.

Með skirskotun til 6. gr. laga nr. 25/1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 16.1922, hefur verið ákveðið, að gjald það, er greiða skal í Almanakssjóð fyrir hvert almanak, sem gefið er út eða flutt inn með sérstöku leyfi samskvæmt téðu lagaákvæði, skuli frá 1. október 1973 og þar til öðruvísi verður ákveðið vera kr. 2.00 fyrir hvert eintak.

Í menntamálaráðuneytinu, 24. september 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

1. október 1973.

Nr. 304.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samskvæmt heimild í 65. gr. og 66. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bakkastíg verður lokað fyrir bifreiðaumferð frá Vesturgötu.
2. Bifreiðastöður verða bannaðar í Þverholti.
3. Afnumið verður bann við vinstri beygju af Laugarnesvegi til vesturs í Borgartún.